



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Almennur hluti 2024-2025

Starfsemi skólans frá stofnun hans

Þjórsárskóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur sitt tuttugasta og fyrsta rekstrarár skólaárið 2024-2025. Skólinn var starfræktur undir nafninu Brautarholts- og Gnúpverjaskóli árin 2002-2004. Skeiðaskóli, stofnaður 1933, fékk nafnið Brautarholtsskóli árið 1988. Gnúpverjaskóli fékk sitt nafn þegar byggður var nýr skóli 1986. Gnúpverjaskóli er til orðinn úr Ásaskóla, en Ásaskóli var fyrsti heimavistaraskólinn á landinu. Hann tók til starfa 1923.

Skólaárið 2001 hófu Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur samvinnu um rekstur grunnskóla og urðu Brautarholtsskóli og Gnúpverjaskóli tveir skólar með sameiginlega yfirstjórn. Við sameiningu sveitarfélaganna voru skólarnir sameinaðir, yngri nemendum þ. e. 1. – 4. bekk var kennt í Brautarholtsskóla og nemendum í 5. – 7. bekk í Gnúpverjaskóla. Frá og með hausti 2024 er 8. bekkur einnig í skólanum. Nú eru allir 52 nemendur skólans í einum skóla, Þjórsárskóla við Árnes. Nemendur í 9. – 10. bekk úr sveitarfélaginu sækja Flúðaskóla. Það eru 18 nemendur þetta skólaárið.

Þetta skólaár er 52 nemandi við skólann.

Einkunnarorð Þjórsárskólans eru

Vinátta – gleði - virðing

Stefna skólans

Skólastefna fyrir Skeiða – og Gnúpverjahrepp 2023-2028 (sjá heimasíðu skólans) og aðalnámskrá grunnskóla liggur til grundvallar starfi skólans.

Skólastarfið er jákvætt og framsækið. Við skólann starfar mjög fjölbreyttur kennarahópur sem er mikill styrkur fyrir skólann. Samráð er mikið og vinna kennarar saman í teymum og hópum. Haldnir eru tveir starfsmannafundir í lok dags á miðvikudögum, aðra vikuna er stigsfundir og hina er starfsmannafundir allra. Þá er skrifuð fundargerð.

Áherslur

Með nýrri Skólastefnu fyrir Skeiða – Gnúpverjahrepp 2023-2028 eru nýjar áherslur og er unnið út frá henni en áherslum er forgangsraðað og má sján nánar áherslur hvers skólaárs í viðeigandi skjali um innleiðingu skólastefnu.

Almenn er lögð áhersla á að nemendur verði læsir á umhverfið og sjálfbærni sem er yfirmarkmið en í því felst að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því. Unnið er eftir umhverfisáttmála sem umhverfisnefnd, skipuð nemendum, hefur samið. Þjórsárskóli er opinn skóli sem byggir á heildstæðri kennslu með útikennslu, kennslu í Þjóðskóginum, nýsköpun og almennu verklegu námi. Þannig er stefnt að því að fjölbreytileiki í kennslu verði ríkjandi en á sama tíma er lögð áhersla á að gera skólann heimilislegan þar sem ríkir gleði, virðing, heilbrigði og velferð. Lögð er áhersla á jafnrétti og mannréttindi og að samvinna einkenni starfið, bæði meðal starfsfólks og nemenda. Þá er áhersla á að öllum líði vel, allir öðlist sterka samkennd, siðvitund og að allir fái notið sín í námi við hæfi. Haft er að leiðarljósi að hver nemandi geti þroskað getu sína og hæfileika út frá sínum forsendum, og notað aðferðir nýsköpunar til að þroska sköpunarhæfileika sína. Stefnt er að því að námið verði einstaklingsmiðaðra þannig að nemendur læri að setja sér markmið og beri ábyrgð á námi sínu og sýni sjálfstæði í vinnubrögðum sem aukist með hærri aldri. Lýðræði er mikilvægur undirstöðuþáttur í öllu starfi skólans og er merki mannúðar, víðsýni, jafnréttis og umburðarlyndis.

Lögð er áhersla á tungumálakennslu með því að byrja á enskukennslu í 1. bekk og dönsku í 5. bekk.

Aðstæður

Kennt er að mestu í samkennsluhópum í 1.-7. bekk með mismunandi marga árganga í hverjum hópi. 8. bekkur er í sérrými og kennt einum. Lögð er áhersla á góða nýtingu tímans í hverri kennslustund. Kennsluhúsnæðinu er þannig skipt að hver kennsluhópur hefur sína stofu, síðan er smíðastofa þar sem einnig er kennd myndmennt í dag vegna breytinga á skólanum. Kennslueldhús er fyrir heimilisfræði og stuðningskennsla hefur sérrými. Textílmennt er kennd í bekkjarstofum hópa vegna aðstæðna við breytingar á skólanum. Íþróttakennsla skólans fer fram í Félagsheimilinu Árnesi, sundkennsla í Neslaug og Skeiðalaug. Nemendur fá ávexti um miðjan morgun inni í bekkjarstofum og mötuneyti fyrir hádegismat er í Félagsheimilinu Árnesi.

Kennslan fer mikið fram utan dyra, bæði í nærumhverfi við skólann og einnig í Þjóðskóginum í Þjórsárdal. Einnig er staðarmenningin nýtt í skólastarfinu.

Útfærslur skólans á grunnþáttunum sex

Mikil áhersla er á læsi í öllu skólastarfinu, að verða læs er mikilvægt fyrir nemendur. Lesskilningur er þjálfaður jafnt og þétt. Nemendur eru þjálfaðir í lestri og byggt er smátt og smátt ofan á fyrri kunnáttu. Lestrarbækur, yndislestur og sumarlestur eru liður í þjálfuninni. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur og nemendur skólans taka þátt í bæði litlu og stóru upplestrarkeppninni. En læsi er líka að lesa umhverfið, tákn, tilfinningar, aðstæður, tölvur og margt fleira. Unnið er að því að allir verði læsir í sem víðustum skilningi þess orðs.

Sjálfbærni er í öllu skólastarfinu sem felst í því að skila umhverfi og samfélagi í betra ásigkomulagi en við komum að því. Nemendur fara mikið út, vinna verkefni í umhverfi skólans, fara í Þjóðskóginn, læra að ganga vel um og bera virðingu fyrir landinu. Leitast er við að skila til baka því sem við tókum s.s. með því að planta trjám á móti efni sem við fáum í skóginum; moltugerð úr lífrænum úrgangi sem til fellur í skólanum; vinna verkefni tengt Grænfánanum. Sjálfbærni er líka vinátta, jákvæðni og virðing. Dagur gegn

einelti er notaður til að vinna heildstætt forvarnarverkefni gegn einelti og við vinnum verkefnið "jól í skókassa" þar sem föt og leikföng gleðja aðra.

Heilbrigði og velferð er öllum nauðsynleg. Lögð er mikil áhersla á að nemendur fái hollan mat bæði í morgunmat og líka í hádeginu. Nærumhverfið er notað til þess að fara í gönguferðir og hjólaferðir. Í tengslum við Heilsueflandi grunnskóla hafa eftirfarandi þættir verið teknir fyrir: nærsamfélag, nemendur, geðrækt, mataræði og tannvernd, hreyfing og öryggi. Hugmyndafræði ART, HAM og Olweusar er notað til þess að þjálfar nemendur í að umgangast hver annan. Allir nemendur eru í sérstöku útinámi, þar sem þeir leysa verkefni úti og hreyfa sig um leið.

Flestir hafa skoðun á skólanum og það er mikilvægt. Í ART eru lýðræði og mannréttindi grunnatriði. Nemendur koma skoðunum sínum á framfæri og hlustað er á þá og rætt er við þá í tímum. Nemendur kjósa sér stjórn í nemendafélagið og halda fundi. Allir bekkir setja sér bekkjareglur. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og sitja í umhverfisnefnd. Allir sem vinna í skólanum þurfa að geta sagt sína skoðun.

Jafnrétti í skólanum liggur í svo mörgu. Það er mikilvægt að allir nemendur fái sömu tækifæri, fái að blómstra á sinn hátt. Öflug sérkennsla með snemmtækri íhlutun er til þess að gefa öllum tækifæri og taka tillit til mismunandi þroska og getu. Einstaklingsmiðað nám er líka liður í því. Nemendur fá mikla kennslu í list- og verkgreinum sem stuðla að jafnrétti á milli kynja.

Það fer mikil sköpun fram í skólanum. Kennd er nýsköpun í smíði hjá eldri nemendum og taka þeir þátt í nýsköpunarkeppni grunnskóla á hverju ári. Nemendur skapa þegar þeir eru að vinna margvísleg verkefni. Þeir hanna smíðagrip, sjónlistaverk og textílverkefni, mynstur og nota skógarafurðir. Við árhátíðarvinnuna er efni sem til er í skólanum endurnýtt þegar við á og notað til þess að hanna búninga. Nemendur skapa þegar þeir eru í textagerð, vinna veggspjöld og þegar þeir fá möguleika á að velja á hvaða formi þeir vilja skila verkefnum.

Námsmat

Áhersla er á leiðsagnarmat sem er námsmatskerfi samsett úr fjölbreyttum aðferðum og nálgunum. Námsmat er nú eingöngu í Mentor, tengt við lotur og hæfnimarkmið. Námsmatið hefur tekið miklum breytingum eftir að nýja námskráin kom út. Áhersla er á fjölbreytt námsmat og er vinna nemenda metin jafnóðum, nemendur taka hefðbundin próf, samvinna þeirra við aðra nemendur og starfsmenn er metin, hópavinna, námsmöppur, munnlegt mat og æfingar. Að auki eru nemendur metnir fyrir öðruvísi daga. Áhersla er á lesskimun og markvissa lestrarprófun með reglubundnum mælingum til að tryggja framfarir eða inn grip ef framfarir verða ekki nægar.

Þróunarstarf

Þjórskóli tekur þátt í fjölbreyttu þróunarstarfi. Upplýsingar um þróunarstarfið er að finna á heimasíðu skólans: <https://thjorsarskoli.is/throunarverkefni/>

Helstu þróunarverkefni sem við höfum unnið eða erum að vinna :

- Grænfáninn.
- Kennsla í Þjóðskógi: verkefni í samstarfi við verkefnið Lesið í skóginn og Þjóðskóginn í Þjórsárdal.
- ART þjálfun og vinna gegn einelti (Olweus) er í öllum bekkjum skólans.
- Heilsueflandi grunnskóli.
- Allar námslotur og símat í Mentor
- Bæta geðheilbrigði.

Foreldrasamstarf

Það eru tveir foreldraviðtalsdagar á hverju skólaári. Mentor kerfið er notað til þess að upplýsa foreldra um ástundun og námsframvindu nemenda. Þar er líka sett inn heimanám.

Foreldrar eru allaf velkomnir í skólann t.d. í útileguna að hausti, jólaferðina í skóginn og í skíðaferðina.

Þjórsárskóli er í samstarfi við Leikholt, Flúðaskóla og Tónlistarskóla Árnesinga

Nemendur leikskólans koma einn dag í viku í október og nóvember og einnig í febrúar, mars og apríl. Leikskólanemendur taka þátt í náminu fram að hádegi fyrir áramót þá daga sem þeir koma og borða hádegismat í skólanum eftir áramót.

Nemendur sveitarfélagsins, í 9.-10. bekk, sækja Flúðaskóla. Skólaakstur er úr sveitarfélaginu að morgni og heim í lok dags. Reynt er að skipuleggja skólaakstur þannig að skólabílar nýtist bæði Þjórsárskóla og Flúðaskóla sem setur tímaramma Þjórsárskóla ákveðnar hömlur. Skólareglur Þjórsárskóla gilda í skólabílum.

Einn liður í samstarfi við aðra grunnskóla í uppsveitum eru smiðjur á mið- og unglíngastigi. Nemendur fara fjórum sinnum á vetri í smiðjur þar sem stöðvavinna og/eða val er með fjölbreyttum verkefnum. Smiðjur eru haldnar í mismunandi skólum svo allir nemendur kynnast ólíkum skólum og svæðum. Smiðjur á miðstigi eru tvær klukkustundir í senn en smiðjur á unglíngastigi eru eftir hádegi á fimmtudegi og allan föstudag. Smiðjur á unglíngastigi koma í stað vals skv. aðalnámskrá. Deildarstjórar vinna með öðrum skólum í smiðjum.

Unglíngastigið nýtir félagsmiðstöðina á Flúðum.

Tónlistarkennarar frá Tónlistarskóla Árnesinga koma inn í skólann og kenna nemendum á hljóðfæri. Tónlistarskólinn hefur eitt rými innan skólans.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

<https://thjorsarskoli.is/skolinn/almennar-upplýsingar/samstarf/>

Tengsl skólans við nærumhverfið

Skólinn er fámennur og er í sveit. Skólinn tengist viðburðum, hefðum, atvinnuháttum og atburðum líðandi stundar. Menningarleg tengsl og sérstaða í heimahéraði eru nýtt í kennslu. Samstarf er við marga úr nærsamfélaginu og er farið í vettvangsferðir til bænda og annarra atvinnurekenda á svæðinu.

Viðbragðsáætlun gegn einelti er að finna á heimasíðu skólans.

<https://thjorsarskoli.is/wp-content/uploads/2021/11/Vidbragdsaaetlun-THjorsarskola-gegn-einelti-1.pdf>

Viðbragðsáætlun almannavarna er að finna á heimasíðu skólans.

<https://thjorsarskoli.is/wp-content/uploads/2021/11/adgerdaraaetlun-vegna-influensu.pdf>

Covid:

https://thjorsarskoli.is/wp-content/uploads/2021/11/Lykilskilabo-og-forvarnaragerir-vegna-COVID-19-sklum_160320-1.pdf

Móttaka nýrra nemenda, sjá heimasíðu skólans

<https://thjorsarskoli.is/wp-content/uploads/2021/11/Mttaka-nrra-nemenda-2019.pdf>

Áætlun um innra mat skólans er að finna í starfsáætlun skólans

Viðfangefni vetrarins er: Skógarkennsla, útinám og hreyfing.

<https://thjorsarskoli.is/skolinn/skipulag/mat-a-skolastarfi/>

Skýrslu um ytra mat sem framkvæmt var haustið 2013 er að finna á heimasíðu skólans

https://thjorsarskoli.is/wp-content/uploads/2022/08/tjorsarsskoli_final.pdf